

39. fundur

Hafnarnefnd hélt fund mánudaginn 19. júlí 2004 kl. 20.00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Símon M. Sturluson, formaður, Kristinn Ó. Jónsson, Hrannar Pétursson, Guðbrandur Björgvinsson, Konráð Ragnarsson, hafnarvörður og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri.

Formaður setti fund og stjórnaði. Bæjarstjóri ritaði fundargerð.

1. Ársreikningur Stykkishólshafnar 2003.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu Stykkishólshafnar og niðurstöðu ársreiknings 2003.
2. Gjaldskrármál.
Nefndin fór yfir tillögu að nýrri gjaldskrá. Tillagan var samþykkt í meginatriðum og formanni og bæjarstjóra falið að fullvinna hana á grundvelli umræðnanna.
3. Önnur mál.
Formaður gerði grein fyrir bréfi frá Sæferðum ehf., Bláfánum og Verndaráætlun.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Óli Jón Gunnarsson (sign.),
Símon Sturluson (sign.),
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),
Guðbrandur Björgvinsson (sign.),
Konráð Ragnarsson (sign.),
Hrannar Pétursson (sign.).

Íhs.